# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hellu, Rangárvallahreppi 1977-1998.**

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998 frá 2. febrúar 1980, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í gerð tveggja hringtorga á Suðurlandsvegi við Þrúðvang og Langasand. Auk þess verður aðkomuvegur að skeiðvelli tengdur inn á hringtorgið við Langasand. Milli hringtorganna verða tvær innkomur að verslunar- og þjónustukjarnanum. Miðlína Suðurlandsvegar færist suður um 8-35 metra.

Breytingin hefur verið auglýst sérstaklega og staðfest sem deiliskipulag.

*Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.*

F. h. r.
**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

25. apríl 1994 Nr. 236

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 24. apríl 1994 staðfest deiliskipulag fyrir miðbæ Hellu, Rangárvallahreppi.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Rangárvallahrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt deiliskipulagið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*

25. apríl 1994 Nr. 237

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, samþykki sveitarstjórnar Hrunamannahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Jafnframt er aðalskipulagsuppdráttur fyrir Flúðir, Hrunamannahreppi, sem staðfestur var 26. júní 1984, felldur úr gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*